



Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 30. desember 2019

Tilv.: ANR19100260/11.02.07

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2019/2020

Vísað er til umsóknar um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.

Samkvæmt reglugerð nr. 675/2019, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2019/2020, hefur sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið allt að 5.374 þorskígildislestum af botnfiski til að ráðstafa til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið hefur fjallað um umsókn sveitarfélagsins og sbr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur í hlut sveitarfélagsins sem hér segir:

Djúpivogur 300 þorskígildislestir


Reglugerð nr. 676/2019, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2019/2020, gildir um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa. Megintilgangur þeirra er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað hafa afla þar, fái hlut í byggðakvótanum sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Frá þessum almennu reglum er heimilt að víkja samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði sem hún leggur til séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, ef reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megintilgangur byggðakvóta er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi.

Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins **eigi síðar en 27. janúar 2020. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.**

Fiskistofa annast úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á grundvelli þeirra reglna sem um það gilda. **Sérstaklega er vakin athygli á leiðbeiningum Fiskistofu um byggðakvóta 2019/2020 sem birtar voru á vefsíðu Fiskistofu þann 21. október sl.**

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Kristján Skarphéðinsson


Jón Þrándur Stefánsson

Fylgiskjal: Skipting úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2019/2020 eftir byggðarlögum

Sveitarfélag: **Djúpavogshreppur**

Byggðarlag: **Djúpivogur**

Úthlutun byggðarlags: **300 þorskígildislestir**

Skipting úthlutunar eftir tegundum

	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
Ósl. kg	221.120	30.424	27.689	4.354	11.556	1.507	3.405
Sl. kg	185.741	25.556	23.259	3.919	11.556	1.357	2.724

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

30. desember 2019